

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 6/2025, um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði nr. 6/2025, um skiptingu starfa ráðherra:

1. gr.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. fer Logi Einarsson með stjórnarmálefni sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og ber embættisheitið umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, um stundarsakir, meðan fjarvera Jóhanns Páls Jóhannssonar, vegna persónulegra ástæðna, varir.

2. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 25. mars 2026.

Halla Tómasdóttir.

(L. S.)

Kristrún Frostadóttir.